



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar - Aðgengismál strætóstoppistöðva í Reykjavík (US200077).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. apríl sl, var eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar:

- 1. Eru allar stoppistöðvar aðgengilegar fyrir alla (t.d. fólk í hjólastólum, barnavagna o.s.f.) og er aðkoma að stoppistöðvum ásættanleg?*
- 2. Eru til landupplýsingagögn (GIS) þar sem búið er að taka saman hvaða stoppistöðvar eru aðgengilegar og hverjar ekki?*
- 3. Er til aðgerðaráætlun sem miðar að því að laga aðgengi við stoppistöðvar?*
- 4. Hvaða kröfur voru gerðar varðandi aðgengi í nýju skýlunum?*

Nú í sumar er að hefjast vinna á vegum skrifstofunnar við formlega úttekt á aðgengismálum við biðstöðvar Strætó innan borgarinnar. Við úttektina verða biðstöðvarnar skoðaðar að teknu tilliti til handbókarinnar *Aðgengi fyrir alla* og hönnunarreglanna *Hönnunarreglur fyrir stoppistöðvar Strætó bs*. Landupplýsingagögn um núverandi stöðu aðgengismála biðstöðva verða meðal afraksturs þessarar vinnu, sem notaðar verða til að móta aðgerðaáætlun um þær úrbætur sem kunna að vera nauðsynlegar á biðstöðvum.

Ekki liggur fyrir formleg áætlun um bætt aðgengi að biðstöðvum en af hálfu borgarinnar hefur þó verið gerð skýr krafa um gott aðgengi allra að biðstöðvum. Í útboðslýsingu (14097) voru eftirfarandi kröfur gerðar til nýrra biðskýla í Reykjavík:

0.4.5. Meðferð og mat tilboða

Umslag A - Hönnun og útfærsla (40%)

1. Aðgengi fyrir alla við og í biðskýlum. (20-30%)

Markmið þessa matsþáttar er að biðskýli verði aðgengileg og nytsamleg öllum. Er þá m.a. litið til laga, reglugerða og leiðbeininga sem gefin hafa verið út um algilda hönnun, s.s. ritið „Algild hönnun utandyra“ útgífið af ÖBÍ 2017.

1.0.4.1 Hönnun og útfærsla götugagna

Aðgengi fyrir alla

- Biðskýlin skulu hönnuð með aðgengi fyrir alla. Til hliðsjónar má líta til leiðbeininga þar að lútandi, t.d. „*Algild hönnun utandyra*“ útgefið af ÖBÍ 2017.
- Handrið skal vera í öllum biðskýlum sem auðveldar t.d. hreyfihömluðum að standa upp af bekk.
- Í biðskýli skal vera bekkur. Setan skal vera að lágmarki 1.000 mm löng.

Fyrirhugað er að kynna niðurstöður framangreindrar úttektar fyrir ráðinu síðar á þessu ári.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri